# Mánudagur 9. október

## SJÓNVARPIÐ

17.00 **Fræðsluvarp.** 1. Ítölskukennsla fyrir byrjendur (2). – Buongiorno Italia 25 mín. 2. Algebra (1). Talnamengi og reikniaðgerðir. 10 mín.
17.50 **Nashyrningurinn og úlfaldinn** (Storybook Classics). Bandarísk teiknimynd byggð á sögum eftir Rudyard Kipling. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir. Sögumaður Edda Þórarinsdóttir.
18.15 **Ruslatunnukrakkarnir** (Garbage Pale Kids). Bandarískur teiknimyndaflokkur. Þýðandi Þrándur Thoroddsen. Leikraddir Magnús Ólafsson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Yngismær (13)** (Sinha Moa). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.20 **Æskuár Chaplins** (Young Charlie Chaplin). Þriðji þáttur. Breskur myndaflokkur í sex þáttum. Aðalhlutverk Twiggy, Ian McShane, Joe Geary og Lee Whitlock. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Kvikmyndahátíð 1989.**
20.50 **Á fertugsaldri** (Thirtysomething). Bandarískur myndaflokkur. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
21.45 **Læknar í nafni mannúðar** (Medecin des Hommes). – El Salvador. Leikinn franskur myndaflokkur þar sem fjallað er um störf lækna á stríðssvæðum víða um heim. Læknir í El Salvador starfar í flóttamannabúðum Evrópubandalagsins. Hann fer einnig inn í herbúðir skæruliða og lendir í skotárás þeirra við stjórnarherinn. Þýðendur Pálmi Jóhannsson og Örnólfur Árnason.
23.00 **Ellefufréttir.**
23.10 **Læknar í nafni. . . framh.**
23.30 **Dagskrárlok.** Ath. Dagskrá Sjónvarpsins getur breyst með stuttum fyrirvara vegna verkfalls rafiðnaðarmanna.

## STÖÐ 2

15.30 **Svakaleg sambúð.** Assault and matrimony. Gamanmynd um ósamlynt ektapar sem upphugsa hvort í sínu lagi fremur vafasamar áætlanir til að stytta hvort öðru aldur. Aðalhluverk: Jill Eikenberry og Michael Tucker.
17.05 **Santa Barbara.**
17.50 **Hetjur himingeimsins.** Teiknimynd um hetjuna Garp.
18.10 **Bylmingur.**
18.40 **Fjölskyldubönd.** Family Ties. Bandarískur gamanmyndaflokkur.
19.19 **19:19.** Fréttum, veðri, íþróttum og þeim málefnum sem hæst ber hverju sinni gerð frískleg skil.
20.30 **Dallas.** Bandarískur framhaldsflokkur.
21.25 **Áskrifendaklúbburinn.** Til hamingju með þriggja ára afmælið, Stöð 2! Umsjón Helgi Pétursson.
22.25 **Dómarinn.** Night Court. Bandarískur gamanmyndaflokkur.
22.50 **Fjalakötturinn: Örlög ástmeyjarinnar.** Myndin gerist á 17. öld og segir frá lífi ungrar japanskrar stúlku af ætt samúræja. Hún verður fyrir þeirri ógæfu að verða ástfangin af pilti af lægri stétt. Þetta er svo alvarlegt siðferðisbrot að fjölskylda hennar er gerð útlæg úr borginni af þessum sökum. Aðahlutverk: Kinuyo Tanaka, Toshiro Mifune og Ichiro Sugai. Leikstjóri: Kenji Mizoguchi.
1.10 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 Veðurfregnir. Bæn, séra Birgir Ásgeirsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.**
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Heilsuhornið.** Halldóra Björnsdóttir leiðbeinir hlustendum um heilbrigði og hollustu. Morgunleikfimi verður í lok þáttarins.
9.30 **Íslenskt mál.** Endurtekinn þáttur frá laugardegi sem Jón Aðalsteinn Jónsson flytur.
9.45 **Búnaðarþátturinn** – Lífeyrissjóður bænda, staða og framtíðarhorfur. Benedikt Jónsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, flytur.
10.00 **Fréttir.**
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Stiklað á stóru um hlutleysi,** hernám og hervernd. Fyrsti þáttur af átta. Umsjón: Pétur Pétursson. (Einnig útvarpað á miðvikudagskvöld kl. 21.00.)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.53 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá mánudagsins í Útvarpinu.
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.15 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Margrét Pálsdóttir flytur.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.00 **Í dagsins önn** – Íþróttir aldraðra. Umsjón: Steinunn Harðardóttir.
13.30 **Miðdegissagan:** Myndir af Fidelmann eftir Bernard Malamud. Ingunn Ásdísardóttir les þýðingu sína (15).
14.00 **Fréttir.**
14.03 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags kl. 3.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Rimsírams.** Guðmundur Andri Thorsson rabbar við hlustendur. (Endurtekið frá deginum áður.)
15.25 **Lesið úr forustugreinum landsmálablaða.**
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.**
16.08 **Á dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Gestur þáttarins er öskrandi ljón. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Schönberg og Dvorák.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpinu kl. 4.40.)
18.30 **Tónlist.** Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Um daginn og veginn.** Andrés Kristjánsson, fyrrverandi ritstjóri, talar.
20.00 **Litli barnatíminn:** Lítil saga um litla kisu eftir Loft Guðmundsson. Sigrún Björnsdóttir les (6).
20.15 **Barokktónlist** – Bach, Marais og Galuppi.
21.00 **Slegið á léttari strengi.** Inga Rósa Þórðardóttir tekur á móti Hákoni Aðalsteinssyni í hljóðstofu á Egilsstöðum. (Frá Egilsstöðum)
21.30 **Útvarpssagan:** Lukku-Svii eftir Martin Andersen Nexö. Elías Mar lýkur lestri þýðingar sinnar (4).
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Samantekt um þróun mála í Austur-Evrópu.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 15.03.)
23.10 **Kvöldstund í dúr og moll** með Knúti R. Magnússyni.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.**
8.00 **Morgunfréttir.** – Bibba í málhreinsun.
9.03 Morgunsyrpa Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.03 og afmæliskveðjur kl. 10.30. Bibba í málhreinsun kl. 10.55 (Endurtekinn úr morgunútvarpi.) Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónasyni. (Frá Akureyri)
14.03 **Hvað er að gerast?** Lísa Pálsdóttir kynnir allt það helsta sem er að gerast í menningu, félagslífi og fjölmiðlum. Milli mála. Árni Magnússon leikur nýju lögin.
15.03 **Stóra spurningin.** Spurningakeppni vinnustaða, stjórnandi og dómari Flosi Eiríksson.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin og málið.** Ólína Þorvarðardóttir fær þjóðarsálina til liðsinnis í málrækt.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Blitt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir rabbar við sjómenn og leikur óskalög. (Einnig útvarpað kl. 3.00 næstu nótt á nýrri vakt.)
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann er Oddný Eir Ævarsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir.
21.30 **Fræðsluvarp:** Lyt og lær. Fyrsti þáttur dönskukennslu á vegum Bréfaskólans. (Einnig útvarpað nk. fimmtudagskvöld á sama tíma.)
22.07 **Bláar nótur.** Pétur Grétarsson kynnir djass og blús. (Úrvali útvarpað aðfaranótt laugardags að loknum fréttum kl. 5.00.)
0.10 **Í háttinn.**
1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

1.00 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við gest sem velur eftirlætislögin sín. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi á Rás 1.)
3.00 **Blitt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur frá liðnu kvöldi.
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi mánudagsins.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá deginum áður á Rás 1.)
5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
5.01 **Lísa var það,** heillin. Lísa Pálsdóttir fjallar um konur í tónlist. (Endurtekið úrval frá miðvikudagskvöldi á Rás 2.)
6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
6.01 **Á gallabuxum og gúmmískóm.** Leikin lög frá sjötta og sjöunda áratugnum.

## RÁS 2 FM 90,1

Útvarp Norðurland kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00.

## EFF EMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Steinunn Halldórsdóttir.**
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.**
1.00– 7 **Páll Sævar Guðnason.**

## ÚTRÁS FM 104,8

16.00 **MS.**
18.00 **FB.**
20.00 **MH.**
22.00 **MR.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Sigursteinn Másson og Haraldur Kristjánsson.** Fréttatengdur morgunþáttur með fréttum af veðri, umferð og flugi ásamt tónlist.
9.00 **Páll Þorsteinsson.** Páll kemur víða við í tónlistinni og er með ýmsar uppákomur ásamt leiknum Vinir og vandamenn.
12.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Rólegheit í hádeginni og brugðið á leiki eftir hádegi.
15.00 Bjarni Ólafur Guðmundsson. Tónlist sem öllum langar til að heyra.
19.00 **Snjólfur Teitsson. Þægileg tónlist í klukkustund.**
20.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Íþróttadeildin kemur við sögu. Talmálsliðir og tónlist eru á sínum stað hjá **Dodda.**
22.00 **Bjarni Dagur Jónsson.** Undir fjögur augu nefnist þáttur Bjarna Dags. Verður hann á rólegu nótunum ásamt því að rabba um lífið og tilveruna.
24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.** Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13 og 14, 15, 16, 17 og 18.

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Menning á mánudegi.** Listafólk tekið tali o.fl.

## SKY One

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
8.30 **Super Password.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **Young Doctors.** Framhaldsflokkur.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
17.00 **The New Price is Right.** Spurningaleikur.
17.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.00 **Alf.** Gamanmyndaflokkur.
19.00 **The Killjoy.** Kvikmynd
21.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.00 **Fréttir.**
22.30 **The Untouchables.** Spennumyndaflokkur.
23.30 **Popptónlist.**

## SKY MOVIES

13.00 **Curly Top.**
15.00 **Legend of the northwest.**
17.00 **The Dog Who Stopped the War.**
19.00 **Hannah and her Sisters.**
21.00 **Cat's Eye.**
22.45 **Raising Arizone.**
00.15 **Windy City.**
03.00 **Big Trouble in Little China.**

## EUROSPORT

9.00 **Golf.** The German Masters, leikið í Stuttgart.
11.00 **Hjólreiðar.** Keppni í Frakklandi.
12.00 **Knattspyrna.** Deildarkeppni í Evrópu.
13.00 **Tennis.** Keppni atvinnumanna innanhúss í Sviss.
15.00 **Hjólreiðar.** Keppni í Frakklandi.
16.00 **Tennis.** Keppni í Stuttgart.
18.00 **Hafnabolti.** Leikur í amerísku deildinni.
19.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á helstu viðburði liðinnar viku.
21.00 **International Motor Sports.** Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
22.00 **Hnefaleikar.** Frægar keppnir.
23.00 **Íshockey.** Leikur í atvinnumannadeildinni í Bandaríkjunum.

## SUPER CHANNEL

14.30 **Tónlist og tíska.**
15.30 **Vinsældalistar.**
16.30 **On the Air.** Skemmtiþáttur.
17.30 **Off the Wall.** Tónlist og fréttir úr tónlistarheiminum.
18.30 **Time Warp.** Framtíðarþáttur.
19.00 **Tourist Magazine.** Ferðaþáttur.
19.30 **Ferðalag til Japans.** Ferðaþáttur.
20.00 **The Discovery Zone.** Fræðslumyndaflokkur.
21.00 **Fréttir og veður.**
21.10 **Discovery Zone.** Fræðslumyndaflokkur.
22.10 **River Journeys.** Fræðslumynd.
23.10 **Fréttir og veður.**
23.20 **Evrópuvinsældalistinn.**
00.20 **Time Warp.** Gamlar klassískar vísindamyndir.



**Ólína Þorvarðardóttir verður við síma Þjóðarsálarinnar á mánudögum.**

### Rás 2 kl. 18.03:

# Þjóðarsálin og málið

Stjórnendur Dægurmálaútvarps hafa nú ákveðið að útfæra Þjóðarsálina frekar í vetrardagskrá og brydda upp nýjungum. „Vegna gagnrýni um að of mikið beri á neikvæðni og kvörtunum í fari þjóðarsálarinnar ætlar Dægurmálaútvarpið að kalla á hlustendur til baráttu fyrir góðum málstað," segir Stefán Jón Hafstein sem lengstum hefur rætt við hlustendur. „Málstaðurinn er íslensk tunga og málrækt. Þjóðarsálin verður hvött til virkrar málræktar." Vikulegur símatími verður helgaður þessu efni. Ólína Þorvarðardóttir, fyrrum sjónvarpsfréttamaður, verður sérstakur umsjónarmaður Þjóðarsálarinnar á mánudögum næstu vikurnar. Þjóðarsálin og málið verður á dagskrá á mánudögum kl. 18.03. Ólína verður við símann sem er sem fyrr 91-38500.

-JJ

### Stöð 2 kl. 22.50:

# Örlög ástmeyjarinnar

## – Fjalakötturinn

Fjalakötturinn sýnir í kvöld japanska kvikmynd frá árinu 1953. Myndin gerist á sautjándu öld og segir frá frá lífi japanskrar stúlku, Oharu að nafni, sem er af samúræjaætt. Hún er svo ógæfusöm að verða ástfangin af pilti af lægri stétt sem telst það alvarlegt siðabrot að fjölskylda hennar er rekin úr þorpinu. Fjölskyldunni tekst síðar að gera hana að hjákonu voldugs höfðingja til þess eins að ala honum erfingja. Þegar erfinginn fæðist eru ekki lengur not fyrir hana og hún er hrakin á brott. Til að sjá sér farborða gerist hún vændiskona og deyr að lokum sem nunna.

Myndin sýnir glöggt þjóðfélagsstöðu japanskra kvenna á þessum árum. Konur í Japan áttu erfitt uppdráttar innan samfélags karla og eiga jafnvel enn.

-JJ

### Sjónvarp kl. 18.15:

# Ruslatunnukrakkarnir

Upphafið að þessum teiknimyndaflokki má rekja til mynda af þessum fígúrum sem seldust í milljónum eintaka. Ruslatunnukrakkarnir eru síður en svo fyrirmynd annarra barna. Þau eru illgjörn, ljót og hreinustu óþverrar. En takmarkið er að sýna öðrum börnum muninn á réttu og röngu á svolítið óvenjulegan hátt. Söguhetjurnar berjast fyrir sannleika, réttlæti og bræðralagi.

Magnús Ólafsson les allar raddir ruslatunnulýðsins.

-JJ



**Magnús Ólafsson, öðru nafni Bjössi bolla, leikur allar raddir ruslatunnukrakkanna.**